

## Íþróttapátttakan mín hefur gert mig að þeirri manneskju sem ég er í dag

*Góðan og gleðilegan dag,*

Fjolla Shala heiti ég, leikmaður meistaraflokks Breiðabliks í knattspyrnu og innflytjandi frá Kosovo, sem kom til landsins árið 1998, þá rétt um 5 ára gömul.

Foreldrar mínir eru báðir frá Kosovo þar ég fæddist en við fluttum til Þýskalands þegar ég var rétt um 6 mánaða gömul. Fótbolti hefur leikið risa-stórt hlutverk í lífi mínu og í því að móta þá manneskju sem ég er í dag. Ég myndi segja að fótboltinn hafi litað allt mitt líf og gert mig að þeirri manneskju sem hér stendur og flytur þetta erindi.

9 ára gömul byrjaði ég að æfa fótbolta. Strax á fyrstu æfingunni minni vissi ég að ég hafði fundið mína hillu, ég fann mig samstundis í íþróttinni og hún höfðaði til mín þar sem ég var mjög kraft- og orkumikið barn sem þurfti mikla útrás. Pabbi minn var kveikjan að því að ég fór að æfa knattspyrnu. Hann hafði sjálfur verið liðtækur knattspyrnumaður og ég horfði upp til hans, hann var mín stoð og stytta. Ég fór því á mína fyrstu æfingu fyrir tilstilli föður míns. Það reyndist vera mér mikið heillaspor.

Þar sem pabbi hafði einsog áður var sagt, verið hinn spilari, lagði hann mikið kapp á að ég æfði af lífi og sál. Mætti á allar æfingar og tæki þessu af fullri alvöru. Þar setti hann talsverðar kröfur á að leggja sig fram og standa sig. Kröfur sem mér finnst góðar en skortir kannski stundum hjá foreldrum íslenskra barna í dag.

Pabbi stóð við bakið á mér og studdi mig í einu og öllu sem varðaði fótboltann. En auðvitað var það svo að foreldrar mínir voru að reyna að koma undir sig fótunum, í nýju landi, Íslandi og því kom það oft fyrir að foreldrar mínir þurftu að vinna mikið og gátu því ekki tekið jafn mikinn þátt og þau vildu. Það var því ósjaldan sem mig vantaði far á keppnisvelli eða mót. Ég er mjög þakklát mínu frábæra uppeldisfélagi Leikni því þjálfararnir skutluðu mér til og frá æfingum eða hjálpuðu mér að verða mér úti um far með foreldrum annarra stelpna. Þeir reyndu að sjá til þess að ég gæti stundað mína íþrótt af krafti.

Þegar ég var barn, er ekki hægt að tala um að ég hafi verið auðveldur krakki. Ég var með gríðar mikið skap og átti stundum erfitt með að hemja það. Ég var líka mjög grimm á velli, sem fór misvel í foreldra andstæðinganna. En þegar ég spilaði með strákum hentaði það mjög vel að vera ákveðin og grimm. En að sama skapi var ég stundum í veseni, því ég var hrikalega tapsár og átti á stundum erfitt með að höndla skapið í mótlæti. Og þurftu þjálfararnir að grípa stundum inni og taka mig af velli, og jafnvel dómararnir líka einstaka sinnum.

Í kringum 12 ára aldurinn var ég svo farin að sækja talsvert í félagsskap eldri krakka og vera í kringum þá sem var kannski ekki sérlega góður félagsskapur fyrir krakka á mínum aldri. Þetta voru unglingar sem voru á allt annarri braut en ég var á í lífinu en þau höfðu auðvitað talsverð áhrif á mig og það sem ég gerði. En um leið var fótboltinn alltaf þarna sem haldreipi mitt á rétta braut í lífinu. Og með því að mæta á allar æfingar og vera alltaf inni boltanum náði ég að halda smá jafnvægi, þrátt fyrir að lenda í ýmsum ævintýrum. Fótboltinn var það sem gerði mig stolta og flest mín markmið snéru að honum. Fótboltinn veitti mér nauðsynlegt athvarf og öryggi frá öllu öðru.

Þar sem ég átti eins og áður sagði í glímu við ýmislegt utan fótboltans, lenti í ákveðnu veseni með jafnvægið. Þjálfararnir í fótboltanum veittu mér talsvert aðhald og reyndu að aðstoða mig eins og

þeir gátu. Þeir þekktu mína stöðu nokkuð vel og hvöttu mig til að halda áfram því þeir höfðu mikla trú á minni getu. Þeir reyndu að beina mér á rétta leið í lífinu og reyndu að hjálpa mér innan vallar og ekki síður utan vallar.

Það gekk ekki alveg upp að æfa með stelpunum á unglingsárunum, vegna ástæðna sem m.a eru taldar hér að ofan og félagið mitt, Leiknir ákvað að það væri best fyrir mig og stelpurnar að ég myndi æfa með strákunum. Þar fann ég mig talsvert betur og kostir mínir náðu að skína.

Ég man það svo einsog það hefði gerst í gær þegar ég var valin í fyrsta landsliðsverkefnið mitt. Þar fékk ég mínar fyrstu mínútur með Íslandi og skoraði mark strax og ég kom inná. Þarna fann ég enn frekar að fótboltinn væri mín leið. Það var stórt skref í rétta átt að fá þá viðurkenningu að vera valin í lið hjá Íslandi. Fjölskyldan fylltist líka miklu stolti yfir því.

Þegar ég var 16 ára skipti ég svo yfir í Fylki þar sem að Leiknir var ekki með kvennabolta fyrir stelpur á þessum aldri og ég þurfti að komast í lið þar sem væri afreklið. Þar hitti ég fyrir Bubba Þjálfara og hann tók mér opnum örmum og tuskaði mig til, lagði mér lífsreglurnar og ég kann honum miklar þakkir fyrir að taka vel á mér. Í Fylki voru líka eldri leikmenn sem ég gat litið upp til sem hjálpuðu mér talsvert mikið. Þarna var ég orðin staðráðin í því að reyna feta rétta leið í lífinu og einblína á fótboltann. Þarna lék auðvitað líka stórt hlutverk að ég var valin í yngri landsliðin bæði U17 og síðar U19. Þetta var gríðarlega mikill heiður fyrir mig og upphefð fyrir knattspyrnuferilinn minn. Ég fékk að upplifa ferðalög til ýmissa landa með stelpunum í landsliðinu, eitthvað sem ég hefði aldrei getað gert án fótboltans.

19 ára gömul skipti ég svo í Breiðablik til þess takast á við nýjar áskoranir, fara út fyrir þægingdarammann. Þar hef ég verið í 5 ár og orðið bæði Íslands- og bikarmeistari með Breiðablik. Á þeim tíma hef ég svo algjörlega breyst úr stelpu í unga konu!

Ég er mjög þakklát fyrir það að ég hafði mikið af góðu fólki í kringum mig sem hafði trú á mér og gafst aldrei upp á mér. Íþróttakennararnir mínir, Úlfar Hinriksson og Stefán Halldórsson, þjálfararnir mínir, Þórður Einarsson og Davíð Snorri Jónasson í Leikni og Bubbi í Fylki og ekki síst pabbi minn, Flurim Shala. Þeir ýttu mér alltaf á æfingar og reyndu að beina mér á rétta brautina í lífinu það má segja það að fótboltinn gerði mig að þeirri manneskju sem ég er í dag!

Til þess að ná erlendum börnum á æfingar, þá finnst mér klárlega að það þurfi að halda fyrirlestra í skólum á mörgum tungumálum fyrir börnin og foreldrana. Kynna fyrir foreldrum hvernig hvatagreiðsluferfi virkar, því oft halda foreldrar erlendra barna að það kosti mjög mikið að æfa fótbolta og aðrar íþróttir. Það skortir hreinlega upplýsingar til foreldranna um hvernig starfið virkar. Einnig eru margir foreldrar innflytjendabarna oft sjálf að fóta sig í samfélaginu og því ekki með mikið milli handanna. Því er hugsanlegt að foreldrar sjái sér ekki fært að leyfa barninu að æfa íþróttir. Þar spila upplýsingar um hvatagreiðslur stóran sess.

Svo er líka oft þannig að erlendir foreldrar eru kannski nýkomnir til Íslands og eiga ekki bíl og kunna ekki á strætó. Þeir vita ekki hvar vellirnir og aðstaðan er, þar sem börnin eru að fara æfa á eða keppa. Þannig missa þau jafnvel af æfingum og keppni og þá jafnvel flosna börnin upp úr íþróttinni. Þannig verður samfélagið að hjálpa til við að börnin komist til æfinga og keppni og það verður að aðstoða foreldra nýbúa barna að komast inní starfið og aðstoða þau við að mynda tengsl inní félagið.

Takk Fyrir mig.